

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum og nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

#### *Háskólatorg 2.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 28. mars 2007 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Háskóla Íslands vegna lóðar nr. 2 við Háskólatorg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Starengi 6.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 21. mars 2007 breytingu á deiliskipulagi fyrir Engjahverfi vegna lóðarinnar að Starengi 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hólmsheiði, Fjárborg, Almannadalur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 28. mars 2007 breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð í Hólmsheiði, Fjárborg/Almannadal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Landakotsreitur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 22. mars 2007 deiliskipulag fyrir reit 1.137.2, 1.160.0 og 1.160.1, vinnuheiti Landakotsreitur. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 18. apríl 2007,*

**Birgir H. Sigurðsson.**